

**2. bekkur****Námsgrein: Leiklist****Kennari: Guðný Kristjánsdóttir****Tímafjöldi: 1 kennslustundir á viku allan veturinn.****Menntagildi námsgreinar:**

Allir geta eithvað, enginn getur allt..... Allt getur gerst!

Leiklist er list augnabliksins.

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í ýmsum aðferðum listgreinarinnar. Nemendur fá tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarförum, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í tjáningu, móturn og miðlun hugmynda sinna og tilfinninga. Leiklist reynir á samvinnu, samskipti, sköpun, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu, allt í gegnum leik og sköpun. Með leikrænni tjáningu öðlast nemandinn sjálfsskilning og sjálfsmat sem auðveldar honum að yfirvinna tilfinningalegar og líkamlegar hömlur og þróa með sé sjálfstraust í daglegum samskiptum. Í leiklist og leikrænni tjáningu taka nemendur þátt í skipulagðri og markvissri samvinnu sem eflir félagsþroska.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Leiklist.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nem.geti tekið virkan þátt í leikrænu ferli með hópnum/bekknum.</li> <li>• Sýnt skólafelögum tillitssemi.</li> <li>• Geta staðið upp og tjáð sig frjálslega bæði um almenn málefni og eigin skoðanir.</li> <li>• Notað búninga og leikmuni til að styðja við sköpun sína.</li> <li>• Sýnt viðeigandi hegðun sem</li> </ul>	<p>Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum og hópeflisæfingum. Nemendur læra að setja sig í spor annarra og takast á við ímyndaðar aðstæður. Eitthvað verður farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun. Raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig fyrir framan hóp, tekið þátt í stuttum leikverkefnum og kunni að</p>	<p>Tekið er mið af hæfniviðmiðum.</p>

	<p>áhorfandi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Farið eftir fyrirmælum kennara.</li> </ul>	<p>vera áhorfandi.</p> <p>Nemendur fá að kynnast leikmunum og búningum.</p> <p>Unnið verður með einn bekk í einu, ýmist í skólastofunni eða á sviði í sal.</p>	

**Kennslugögn:** Kennsluefni frá kennara.